

Fundarnúmer:	543
Dagsetning:	02.06.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

543. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 2. júní 2008 kl. 10:00 á skrifstofu sveitarstjóra.

Dagskrá:

1. Viðræður við forstöðumann tæknideildar og verkstjóra áhaldahúss.
2. Viðræður við Valgerði Bjarnadóttur, verkefnisstjóra Reykjahöfða ehf.
3. Erindi Kristins Guðmundssonar f.h. landeigenda Staðar í Hrutafirði.
4. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 20. maí sl.
5. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 27. maí sl.
6. 10 ára afmæli Húnaþings vestra.
7. 17. júní hátíðarhöld.
8. Umhirðusamningar 2008.
9. Veðsamningur HH Gámaþjónustu ehf.

Afgreiðslur:

1. Til viðræðna við byggðarráð eru mættir forstöðumaður tæknideildar og verkstjóri áhaldahúss. Rætt um endurbætur á Hvammstangabraut og Norðurbraut, lagningu vatnslagnar í Bakkatúni, Miðtúni og að Árbakka, afkastagetu vatnsveitu, lagningu fráveitu í Hallartröð, lagningu hitaveitu að hesthúsahverfi, viðhald Hamarsréttar, húsnæðismál áhaldahúss, nýungar við álestur hitaveitu o.fl.
2. Valgerður Bjarnadóttir, verkefnisstjóri Reykjahöfða ehf. er mætt til viðræðna við byggðarráð. Greindi hún frá stöðu verkefnis félagsins sem er að leita hugmynda um framtíðarnýtingu húsnæðis Laugarbakkaskóla. Í tengslum við kynningarfundir sem haldnir hafa verið á síðustu vikum hafa fjölmargar hugmyndir um framtíðarnýtingu komið fram. Verkefnisstjóri og stjórn félagsins fara nú yfir þær hugmyndir og verða þær metnar og útfærðar frekar á næstu mánuðum.
3. Fram lagt erindi Kristins Guðmundssonar f.h. landeigenda Staðar í Hrutafirði. Í erindinu er óskað eftir sameiginlegum fundi landeigenda með fulltrúum sveitarstjórnar Húnaþings vestra og hreppsnefndar Bæjarhrepps um nýsamþykkt aðalskipulög sveitarfélaganna. Byggðarráð er reiðubúið að mæta til fundar og sveitarstjóra falið að hafa samband við oddvita Bæjarhrepps vegna erindisins.
4. Fram lögð til kynningar fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 20. maí sl.
5. Fram lögð til kynningar fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra frá 27. maí sl.
6. Í tilefni þess að 10 ár eru liðin frá því sveitarfélagið Húnaþing vestra varð til býður sveitarstjórn Húnaþings vestra til afmælishátíðar laugardaginn 7. júní nk. Hátíðarhöldin fara fram á Bangsatúni og hefst dagskráin kl 14:00.
7. Í kjölfar auglýsingar þar sem óskað var eftir aðila til að annast undirbúning og framkvæmd hátíðarhalda á 17. júní samþykkir byggðarráð að fela íþrótt- og tómstundafulltrúa að ganga til samninga við Umf. Kormák, en félagið hafði svarað auglýsingu þess efnis.
8. Fram lögð drög að umhirðusamningum 2008. Samningarnir eru við Umf. Dagsbrún um umhirðu Reykjaskólavallar, Hestamannafélagið þyt um hestaíþróttavöll félagsins og Björn Inga Þorgrímsson um umhirðu Kirkjuhvammsvallar. Byggðarráð samþykkir fyrirbyggjandi umhirðusamninga með athugasemdum sem fram komu á fundinum. Sveitarstjóra og íþrótt- og tómstundafulltrúa falið að fara yfir samningana og undirrita þá.
9. Byggðarráð Húnaþings vestra staðfestir að því sé kunnugt um veðsamning milli Sp-Kef. og H.H.- gámaþjónustu ehf. v/ þjónustusamnings um sorphirðu. Samþykkt að taka á dagskrá:
10. Fram lagt bréf Héraðsdýralæknis Vestur-Húnavatnssýsluumdæmis en þar er tilkynnt um að riða hafi verið staðfest í einni kind á bænum Brautarholti í Hrutafirði.

Fundagerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 13:25

Heimir Ágústsson(sign.), Skúli Þórðarson(s